

# MAPELEVEL EASYWDG

Flísajöfnunarkerfi fyrir keramíflísar og steinflísar á gólf og vegg



## KOSTIR OG EIGINLEIKAR

- Handvirk notkun, án tanga
- Vinnuvistvæn lögun á fleygum, auðveldara að setja inn
- Sérstakar rífflur, fyrir auðveldari innsetningu og meiri nákvæmni
- Auðveld og fljótleg fjarlæging
- Endurnýtanlegur fleygur
- Fullt úrval af lituðum millileggjum í 7 þykktum

## HVAR EFNID ER NOTAD

**MapeLevel EasyWDG System** er kerfi fyrir jafna og slétta lögn keramískra flísa og steinflísa á gólf og vegg, hentar sérlega vel við að leggja stórar flísar.

**MapeLevel EasyWDG System** hefur verið þróað til stuðnings við lögn á einkum stórum steinflísum. Kerfið gerir þér kleift að hafa fúgurnar einsleitir og gólf og fleti algjörlega flata þannig að ekki myndist brún á milli flísa sem liggja hlið við hlið.

## TÆKNILEG EINKENNI

**MapeLevel EasyWDG System** er kerfi fyrir jafna og slétta lögn með jöfnunarfleygum úr frauðplasti **MapeLevel EasyWDG**, og HDPE-krossklemmum sem hægt er að fjarlægja, **MapeLevel EasyWDG Spacer M**. Kerfið er ætlað til notkunar við lögn á keramískum flísum og steinflísum í þykkt á bilinu 3 til 12 mm.

**MapeLevel EasyWDG Spacer M** krossklemmur fást í 7 mismunandi stærðum (0,5, 1, 1,5, 2, 3, 4 og 5 mm) fyrir samskeyti á bilinu 0,5 til 5 mm breið, hver stærð fyrir sig í mismunandi litum til þess að auðvelda þér að velja rétta stærð.

**MapeLevel EasyWDG Spacer M** krossklemmurnar eru hannaðar þannig að þær brotna undir yfirborði flísanna svo auðvelt og öruggt sé að fjarlægja þær.

Þunnir rífflar á yfirborði fleyganna gera að verkum að **MapeLevel EasyWDG** tryggir aukna nákvæmni þegar flísarnar eru jafnaðar, auk þess sem auðveldara er að koma fleygnum fyrir og mjaka honum til innan krossklemmanna.

Þessir tveir einföldu þættir eru auðveldir og fljótlegir í notkun og koma í veg fyrir að brúnir myndist þannig að yfirborðið verður alveg rennislétt.

## KOSTIR

Öfugt við flest önnur jöfnunarkerfi sem nú eru í boði hefur **MapeLevel EasyWDG System** verið hannað fyrir lögn í höndum. Fleygurinn er vistfræðilega hannaður þannig að auðvelt og fljótlegt er að fella hann inn í krossklemmurnar. Eigi að leggja flísarnar með tækjabúnaði er einnig hægt að nota kerfið með **MapeLevel EasyWDG Pushing-Pliers**.

Það er mjög fljótlegt og auðvelt að fjarlægja **MapeLevel EasyWDG System**. Einfalt er að losa fleyginn frá einnota klemmunum og hann má endurnota.

**MapeLevel EasyWDG System** er búið til úr endurunnum plastefnum.

## LEIÐBEININGAR UM NOTKUN

Áður en **MapeLevel EasyWDG System** er tekið í notkun skaltu kanna hvort það hæfir þeim flísum og því steinyfirborði sem nota skal.

Gættu þess að yfirborð flísanna sé tandurhreint og án allra flísalímleifa eða svarfefna áður en þú notar **MapeLevel EasyWDG**.

### Að koma krossklemmum fyrir

Dreifðu líminu út og komdu **MapeLevel EasyWDG Spacer M** krossklemmunum fyrir undir flísunum á öllum fjórum hliðum. Það ræðst af stærð flísanna hvort þú hefur eina eða fleiri krossklemmur á hverri hlið þeirra. Leggðu svo flísar við hliðina.



## Að koma fleygnum fyrir

Settu **MapeLevel EasyWDG** fleyginn inn í krossklemmuna í stefnu flísarinnar sem þegar hefur verið lögð og þrýstu á með fingrum þar til rétt hæð hefur fengist.

Fjarlægðu allt nýtt flísalím umhverfis klemmurnar til þess að koma í veg fyrir að þurrð/harðnað lím geti mögulega brotið upp úr yfirborði flísanna eða rispað það þegar klemmurnar verða fjarlægðar síðar.



## Að fjarlægja

Þegar límið hefur harðnað fjarlægir þú **MapeLevel EasyWDG System** með því að banka á krossklemmurnar með gúmmíhamri eða fótunum í sömu átt og fúguðu samskeytin liggja.


Auðvelt og fljótlegt er að fjarlægja **MapeLevel EasyWDG Spacer M** klemmurnar með því að brjóta þær undir yfirborði flísanna.

Einfalt er að losa fleyginn frá einnota klemmunum og hann má endurnota.




# TAFLA UM NOTKUN

Viðmið um notkun (með fleygum / krossklemmum) fyrir 10 m<sup>2</sup>







A																		B		
10	1980																			
15	1317	876																		
20	495	328	490																	
25	396	263	391	312																
30	660	438	488	389	431															
40	495	328	365	291	322	240														
45	440	292	324	258	285	213	189													
50	396	263	291	232	256	191	169	152												
60	330	219	242	193	212	158	141	126	105											
75	396	263	258	206	212	158	140	126	104	99										
80	371	246	241	192	198	148	131	117	97	93	87									
90	330	219	214	171	176	131	116	104	86	82	77	68								
100	297	197	192	153	157	117	104	93	77	73	68	61	54							
120	330	219	200	160	157	117	104	93	77	71	66	59	52	49						
150	330	219	192	153	146	109	96	86	71	64	60	53	47	44	38					
180	330	219	186	149	139	103	91	82	68	60	56	49	44	40	34	31				
200	347	230	192	153	140	104	92	83	68	59	55	49	44	39	33	30	28			
cm	10	15	20	25	30	40	45	50	60	75	80	90	100	120	150	180	200	B		



Notkun er áætluð og gæti verið breytileg, allt eftir uppsetningu og gerð flísa og flatar.

## UMBÚÐIR

Vara	Stærð (mm)	Litur	Umbúðir	Bretti
 104x16 mm <b>MapeLevel EasyWDG</b>			Kassar 12 pokar x 100 stk.	12 kassar
 Grunnur 30x42 mm, h 41 mm <b>MapeLevel EasyWDG Spacer M</b>	0,5	appelsínugult	Kassar 14 pokar x 250 stk.	12 kassar
	1	grænt	Kassar 14 pokar x 250 stk.	12 kassar
	1,5	grátt	Kassar 14 pokar x 250 stk.	12 kassar
	2	svart	Kassar 14 pokar x 250 stk.	12 kassar
	3	hvítt	Kassar 14 pokar x 250 stk.	12 kassar
	4	gult	Kassar 14 pokar x 250 stk.	12 kassar
	5	rautt	Kassar 14 pokar x 250 stk.	12 kassar
 <b>MapeLevel EasyWDG Pushing-Pliers</b>			Kassar 15 stk.	
 <b>Kit MapeLevel EasyWDG System</b>	2 mm		Fata 150 fleygar + 150 krossar	64 fötur

## ÖRYGGISLEIÐBEININGAR VARÐANDI UNDIRBÚNING OG NOTKUN

**MapeLevel EasyWDG System** er vara sem samkvæmt gildandi evrópskum reglugerðum (Regl. 1907/2006/EC - REACH) kallar ekki á að gert sé öryggisgagnablað. Mælt er með því að nota hlífðarhanska og -gleraugu við notkun efnisins og að fara eftir öryggisreglum vinnustaðarins.

VARA ÆTLUÐ FAGMÖNNUM TIL NOTKUNAR.

## VIÐVÖRUN

Þótt þær tæknilegu upplýsingar og ráðleggingar sem er að finna í þessu upplýsingablaði um vöruna séu í samræmi við bestu vitund okkar og reynslu eru allar ofangreindar upplýsingar aðeins til viðmiðunar í hverju tilviki fyrir sig og ber að líta á þær sem upplýsingar sem bíða staðfestingar eftir lengri notkun. Því verður hver sá sem hyggst nota vöruna að ganga úr skugga um það fyrirfram að hún henti til ætlaðrar notkunar. Notandinn er í öllum tilfellum einn að fullu ábyrgur fyrir öllum afleiðingum af notkun vörunnar.

Kynntu þér vinsamlegast gildandi útgáfu af tækniblaðinu sem finna má á vefsetri okkar, [www.mapei.no](http://www.mapei.no)

## TILKYNNING UM LAGALEG ATRIÐI

Innihald þessa tækniblaðs („TDS“) má afrita í annað skjal tengt verkefni, en endanlega skjalið skal ekki vera viðbót eða koma í staðinn fyrir tækniblaðið sem er í gildi á þeim tíma sem vara MAPEI er notuð. Hægt er að hlaða niður nýjustu tækniblöðum frá heimasíðu okkar á [www.mapei.no](http://www.mapei.no)

ALLAR BREYTINGAR Á ORÐALAGI EÐA KRÖFUM SEM FELAST Í EÐA REKJA MÁ TIL ÞESSA ÖRYGGISBLAÐS ÓGILDA ÁBYRGÐ MAPEI.

### Mapei AS

Vallsetvegen 6, 2120 Sagstua, Norge



+47 62 97 20 00



[www.mapei.no](http://www.mapei.no)



[post@mapei.no](mailto:post@mapei.no)

9266-9267-11-2025-is

Öll afritun texta, mynda og skýringamynda úr þessum bæklingi er bönnuð, og gæti leitt til málssóknar.

